

# FROSKURINN OG SPORÐDREKINN

## og fleiri klípusögur

**Aldur nemenda:** 5 ára og eldri  
**Viðfangsefni:** siðfræði og álitamál, frjáls vilji, sjálfstjórn  
**Færni- og viðhorfamarkmið:** rökfræði, þjálfun í að hlusta og halda samræðu gangandi  
**Efni og áhöld:** Klípusögur  
**Tími/umfang:** ein kennslustund  
**Höfundur verkefnis:** Peter Worley, sett í búning af Jóhönnu Guðrúnu Ólafsdóttur og Lovísu sha Mi

### KENNSLULEIÐBEININGAR OG LÝSING Á VINNU

Klípusögurnar hér að neðan eru lesnar og síðan fer samræða af stað. Hægt að nýta sér lykilsurningar kennarans af vef Verkefnabanka Heimspekitorsins:

<https://verkefnabanki.wordpress.com/2014/01/25/lykilsurningar-kennarans/>

### Tilbrigði við stefið:

Fyrir eldri nemendur er ágætt að byrja á fyrstu sögunni og taka svo hinar í kjölfarið.

Ýmsar dæmisögur og klípusögur

### Dæmisögurnar:

#### Froskurinn og sporðdrekin

Einu sinni var froskur sem var á leið yfir á. Áður en hann lagði af stað kom til hans sporðdreki sem bað froskinn um að ferja sig yfir ána. Froskinum leist ekki vel á það enda hræddur um að sporðdrekin myndi stinga hann á leiðinni. Sporðdrekin sagði það af og frá, froskurinn væri honum mikilvægur og ef hann myndi stinga hann þá dræpust þeir báðir. Froskurinn tók þeim rökum og lagði af stað með sporðdrekan á bakinu. Á miðri leið yfir ána stakk sporðdrekin froskinn dauðastungu. Í andarslitrunum spurði froskurinn sporðdrekan af hverju hann hefði gert þetta. Sporðdrekin svaraði: „Af því að ég er sporðdreki, að stinga er mitt eðli.“

Hvað er sök?

Hvenær er eitthvað einhverjum að kenna?

Er það, að einhverjum sé um að kenna það sama og að bera ábyrgð?

Ef þú kemst ekki hjá því að gera eitthvað er það þá þér að kenna ef þú gerir það?

#### Ferjumaðurinn og ræninginn

Einu sinn var ræningi sem þurfti að komast yfir hættulegt fljót til að sleppa frá reiðum bónda sem hann hafði rænt. Ræninginn kom auga á ferjumann sem beið við ferjuna sína. Ræninginn kunni ekki að synda svo hann þurfti alveg sérstaklega á hjálp ferjumannsins að halda og spurði hvort hann gæti ferjað sig yfir. Ferjumaðurinn þekkti strax ræningjann vegna þess að hann var eftirlýstur og hann sá líka að ræninginn var með hníf. „Þú ert ræningi og ræningjar ræna fólk.“ „Já en ég þarfnast þessar hjálpar, svo í mun ekki ræna þig í dag.“ „Já en hvernig veit ég hvort þú rænir mig ekki bara þegar við erum komnir yfir hinum megin“, sagði ferjumaðurinn. „Vegna þess að ég stend í þakkarskuld við þig“, fullvissaði ræninginn ferjumanninn. „Já en hvernig get ég verið viss?“ „Þú hefur mitt orð.“ Ferjumaðurinn hugsaði um stund og hleypti svo ræningjanum á ferjuna til sín.



Ræninginn klifraði um borð í ferjuna og ferjumaðurinn sigldi með þá yfir ána. Þegar þeir voru komnir um það bil hálfa leið fann ferjumaðurinn allt í einu sting í síðunni þegar beitt hnífsblað ræningjans rann þar inn. Hann áttaði sig á því að ræninginn hafði stungið hann og rænt peningapokanum hans. Ferjumaðurinn náði að stynja upp „af hverju gerði þú þetta?, nú förumst við báðir því straumur fljótsins mun hrífa okkur báða með sér.“

Ræninginn svaraði: „Ég gat ekki setið á mér, þetta er í eðli mínu.“ Um leið tók straumur fljótsins bátinn og þeir fórust báðir.

### Hver á sök á dauða þeirra, ferjumaðurinn eða ræninginn?

#### Tengdar spurningar:

Ef svarið þitt er annað en í fyrstu sögunni (sagan um Froskinn og sporðdrekann) af hverju?  
Skiptir sú staðreynd að persónurnar eru menn en ekki dýr einhverju máli um það hver eigi sök?  
Fleiri spurningar:  
Ef vinur þinn lemur þig, er það þá vini þínum að kenna ef þú meiðir þig?  
Ef kötturinn þinn klórar þig, er það þá kettinum að kenna að þú varðs klóraður?  
Ef stóll brotnar þegar þú sest á hann, er það þá stólnum að kenna að þú dast?

### Vinurinn og þjófurinn

#### Þessi saga er ágæt fyrir eldri nemendur sem hafa unnið með hinar tvær á undan.

Einu sinni voru tveir vinir. Þeir voru bestu vinir alla bernsku sína en þá skildu leiðir um tíma. Annar þeirra Björn, gekk menntaveginn á meðan hinn, Jón leiddist út á glæpabraut. Jón fékk að lokum þungan dóm fyrir glæpi sína og sat inni í nokkur ár fyrir þjófnaði. Þegar hann losnaði úr fangelsinu hringdi hann í Björn, eina vin sinn og bað hann að hjálpa sér því hann vildi komast aftur á réttan kjöl í lífinu. Björn var fús til að hjálpa ef Jón meinti það virkilega að vilja snúa bakinu í fyrra líferni og gæfi orð sitt fyrir því. Björn lánaði ekki bara Jóni pening sem myndi duga þangað til hann fengi vinnu, heldur bauð honum líka frítt húsaskjól. Í húsinu var peningaskápur sem geymdi sparifé Björns. Einn daginn þegar Björn kom heim var búið að tæma skápinn. Jón hafði rænt hann en skildi eftir miða sem á stóð: „Mér þykir leitt að hafa brugðist þér en mér er ekki viðbjargandi, það er í eðli mínu að stela. Einn góðan veðurdag mun ég greiða þér til baka“ (undirskrift) Jón.

Hefði Jón getað forðað sér frá því að ræna sparifé Björns?

Eru menn öðruvísi siðferðilega en sporðdrekar?

#### Fyrir nemendur í menntaskólum getur verið gaman að tengja þessar hugmyndir við þekktu heimspekinga

Schopenhauer: Við getum ekki breytt því hver við erum. Eða hvað?

Sartre: Við höfum frjálsan vilja og getum því ráðið hver við erum. Eða hvað?

Aristóteles: Við lærum ákveðna siði og venjur, við getum breytt þeim en það er erfitt. Eða hvað?

### FLEIRI VERKEFNI Í VERKEFNABANKA HEIMSPEKITORGSINS

- Heimspekileikir – inngangstexti
- Heimspekileg samræða – grunnuppskrift